



## Borgarbyggð

### Reglur um stuðning til fjarnáms fyrir nemendur sem lokið hafa samræmdum prófum fyrir 10. bekk

1. Nemendur, í 8. og 9. bekk grunnskóla Borgarbyggðar, sem að mati skólastjóra og umsjónarkennara, hafa staðist þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt aðalnámskrá við lok grunnskóla í einstökum námsgreinum geta, með samþykki forsjáradila, valið að þreyta samræmd lokapróf í þeim námsgreinum.
2. Nemendur sem hljóta einkunnina 7 eða hærrí á samræmdu prófi geta sótt um niðurgreiðslu kennslugjalds í fjarnámi við framhaldsskóla. Niðurgreiðsla getur numið allt að kr. 3.000 fyrir hverja námseiningu. Upphæðin skal endurskoðuð árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar.
3. Innritunargjöld í fjarnám framhaldsskóla eru endurgreidd ef nemandi þreytir próf í að minnsta kosti einum áfanga í fjarnámi.
4. Nemendur sem lokið hafa einni eða fleiri námsgreinum grunnskólans fyrir 10. bekk og stunda fjarnám í þeim greinum geta fengið aðstöðu í grunnskólanum til að stunda fjarnámið og þreyta próf. Nánari útfærsla skal gerð í samráði við skólastjóra og/eða umsjónarkennara.
5. Reglur þessar gilda frá og með skólaárinu 2006-2007.